

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. nóvember 1980.

Pálmi Jónsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Lóna.

Lón I	33.33%
Lón II	16.67%
Fjöll I	20.83%
Fjöll II	10.83%
Auðbjargarstaðir	8.34%

Arðskráin gildi í fimm ár.

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. nóvember 1980,

Pálmi Jónsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gatnagerðargjöld í Borgarnesi
nr. 103 2. apríl 1976.

9. gr. orðist svo:

Gatnagerðargjöld samkv. 6. gr. greiðast þannig, að 20% greiðast, þegar lagningu varanlegs slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum. Gjaldldagi afborgana er 1. júlí. Ársvextir eru hinir sömu og af lánum Byggðasjóðs til gatnagerðar og greiðast eftir á á sömu gjaldldögum og afborganirnar.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Borgarneshrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 29. október 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.